

Mánudaginn 8. febrúar 1999.

Nr. 13/1998.

**Samband íslenskra bankamanna**

**f.h. Haraldar Ellingsen**

(Sveinn Sveinsson hrl.)

gegn

**Samninganefnd bankanna**

**f.h. Þjóðhagsstofnunar**

(Gestur Jónsson hrl.)

Frávísun.

### Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi hinn 25. janúar sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Á. Haraldsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er: Samband íslenskra bankamanna, kt. 550269-7679, Snorrabraut 29, Reykjavík, f.h. Haraldar Ellingsen, kt. 220535-2239, Vesturbergi 177, Reykjavík.

Stefndi er: Samninganefnd bankanna, kt. 491182-0329, Austurstræti 11, Reykjavík, f.h. Þjóðhagsstofnunar, kt. 440475-0199, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

*Dómkröfur stefnanda.*

*Aðalkrafa.*

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að túlka beri ákvæði greinar 12.6.1. í kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og Samninganefndar bankanna f.h. bankanna á þann veg að stefnda sé skylt að greiða stefnanda desemberuppbót (13. mánuð) sem lífeyrisgreiðslu frá desember 1996.

*Varakrafa.*

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að túlka beri ákvæði greinar 12.6.1. í kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og Samninganefndar bankanna f.h. bankanna á þann veg að stefnda sé skylt að greiða stefnanda 60% af desemberuppbót (13. mánuði) sem lífeyrisgreiðslu frá desember 1996.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins og að stefndi verði dæmdur til að bæta stefnanda þann kostnað sem hann hefur af greiðslu virðisaukaskatts á málskostnaðinn.

*Dómkröfur stefnda.*

Þess er krafist að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar skv. mati Félagsdóms. Við ákvörðun málskostnaðarins verði tekið tillit til kostnaðar stefnda af virðisauka-skattskyldu lögmannsþjónustu.

*Málsatvik.*

Samband íslenskra bankamanna er stéttarfélag sem fer með samningsumboð við gerð kjarasamninga f.h. félagsmanna sinna. Innan sambandsins eru fyrst og fremst launþegar sem starfa hjá bönkum og sparisjóðum, en einnig starfsmenn ýmissa dótturfyrirtækja þeirra svo og sjóða og starfsmenn Bygðastofnunar, Lána-sýslu ríkisins og Þjóðhagsstofnunar.

Um Þjóðhagsstofnun gilda lög nr. 54/1974. Samkvæmt 5. gr. laganna greiða ríkissjóður og Seðlabanki Íslands sameiginlega kostnað af starfsemi hennar. Samkvæmt lagagreininni skal gerður sérstakur samningur um fjármál stofnunarinnar. Sá samningur var gerður 2. desember 1974. Í 5. gr. samningsins kemur fram að laun og kjör starfsfólks stofnunarinnar skuli vera samkvæmt reglugerð um störf og launakjör í bankakerfinu og að starfsfólkið skuli áfram vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Stefnandi, Haraldur Ellingsen, varð starfsmaður Þjóðhagsstofnunar (PHS) í upphafi árs 1975, þ.e. skömmu eftir að stofnunin tók til starfa samkvæmt lögum nr. 54/1974. Áður, þ.e. allt frá 1961, mun Haraldur hafa starfað hjá Framkvæmdabanka Íslands, Efnahagsstofnun, Efnahagssamvinnustofnun Evrópu og Framkvæmdastofnun ríkisins. Allan starfstíma sinn hjá þeim stofnunum var Haraldur aðili að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og eru iðgjaldagreiðslur til sjóðsins í samræmi við það samkvæmt framlögðu yfirliti. Á starfstíma Haraldar voru iðgjöld greidd af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót. Réttindaávinnsla hefur verið samkvæmt reglum LSR. Haraldur var í föstu starfi hjá Þjóðhagsstofnun til loka árs 1995. Þann 1. janúar 1996 lét hann af föstu starfi og hóf töku lífeyris frá LSR á grundvelli 95 ára reglunnar. Hann hefur frá sama tímamarki verið lausráðinn starfsmaður Þjóðhagsstofnunar í 45% starfi.

Hjá Þjóðhagsstofnun hefur Haraldur fengið greidd laun samkvæmt kjarasamningi bankamanna. Er sá kjarasamningur gerður

milli Sambands íslenskra bankamanna (SÍB) og samninganefndar bankanna fyrir hönd banka og sparisjóða.

Við gerð kjarasamnings aðila í desember 1980 var samið um samþærlig lífeyrisréttindi allra félagsmanna SÍB. Kom ákvæðið fram í bókun 5 í kjarasamningnum og hefur ákvæðið staðið nær óbreytt frá þeim tíma til dagsins í dag og er nú gr. 12.6.1. í núgildandi kjarasamningi frá 3. apríl 1997.

Ákvæðið í núverandi kjarasamningi er eftirfarandi:

„Aðilar eru sammála um að fara fram á það við stjórnir lífeyrisjóða ríkisbankanna og viðkomandi sjóðfélaga að við endurskoðun á reglugerðum lífeyrissjóðanna verði tekin upp 95 ára lífeyrisregla. Aðrir bankar með 8 starfsmenn eða fleiri tryggji áfram samþærlig réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta.“

Samkvæmt launakerfi SÍB fá allir félagsmenn greidd tvöföld laun í desembermánuði, þ.e. aukalega svokallaða desemberuppbót eða 13. mánuðinn.

Stefnandi, Haraldur Ellingsen, fór á eftirlaun samkvæmt 95 ára reglunni á árinu 1996. Við útborgun lífeyris til hans í desember sama ár varð hann þess áskynja að hann fékk ekki greiddan lífeyri af desemberuppbótinni frá lífeyrissjóðnum. Hann gerði athugasemdir við forstjóra Þjóðhagsstofnunar með bréfi dags. 16. desember 1996, sem sendi athugasemdir hans áfram til fjármálaráðuneytisins.

Í svarbréfi ráðuneytisins er því haldið fram að samkvæmt reglum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins séu ekki inntar af hendi greiðslur úr sjóðnum af öðru en því sem þar sé upp talið, en desemberuppbót sú sem greidd sé til bankastarfsmanna sé ekki nefnd þar. Fram kemur að lífeyrir miðist við föst laun, við dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót. Iðgjald sé því ekki greitt af öðrum launum.

Stefnandi telur hins vegar að stefndi, Þjóðhagsstofnun, sem hafi tekið á sig þá skuldbindingu að tryggja starfsmönnum sínum samþærligan lífeyrisrétt og ríkisbankarnir tryggja sínum starfsmönnum, sbr. tilvitnað ákvæði 12.6.1. í kjarasamningi aðila, beri að greiða honum desemberuppbót (13. mánuð) í lífeyri þó svo að Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna telji sér ekki skylt að greiða honum þá greiðslu.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi byggir á því að gr. 12.6.1. í nágildandi kjarasamningi eigi við stefnda Þjóðhagsstofnun. Allt frá gerð fyrsta kjarasamnings aðila á grundvelli laga nr. 34/1977 frá árinu 1977 hafi hugtakið banki verið skilgreint í kjarasamningi aðila til að forðast endurteknar upptalningar á þeim aðilum sem samningurinn taki til. Hafi sú skilgreining frá upphafi verið höfð þannig að hugtakið taki til allra þeirra sem vinni hjá stofnunum þeim sem félagar SÍB vinna hjá. Skilgreining á hugtakinu komi fram í gr. 12.2. í kjarasamningi aðila og sé svohljóðandi:

„Þar sem orðið „banki“ er notað í kjarasamningi þessum er átt við stofnanir þær sem félagar SÍB vinna hjá og eru aðilar að samningi þessum hvort sem þær eru bankar, sparisjóðir eða þjónustustofnanir í eigu einstakra banka eða fleiri banka í sameiningu.“

Þannig telur stefnandi engan vafa leika á því að allt frá gerð kjarasamnings aðila á árinu 1980 hafi öll fyrirtæki og stofnanir sem samninganefnd bankanna semji fyrir undirgengist þá skuldbindingu að tryggja samskonar lífeyrisréttindi og ríkisbankarnir tryggja sínum starfsmönnum innan vébanda SÍB.

Þjóðhagsstofnun, sem sett hafi verið á laggirnar á árinu 1974, hafi allt frá stofnun tekið á sig þá skuldbindingu að greiða starfsmönnum sínum laun eftir þeim kjarasamningi sem SÍB hafi gert við viðsemjendur sína og séu starfsmenn stofnunarinnar félagsmenn í SÍB. Forverar Þjóðhagsstofnunar, þ.e. Efnahagsstofnun frá 1962 og Framkvæmdastofnun ríkisins frá 1972, hafi einnig greitt laun samkvæmt launakerfi bankastarfsmanna og hafi starfsmenn þeirra verið félagsmenn í SÍB.

Þjóðhagsstofnun sem og seinna afsprengi Framkvæmdastofnunar ríkisins, þ.e. Byggðastofnun og Framkvæmdasjóður Íslands, hafi á hinn bóginn greitt af launum starfsmanna til Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna.

Stefnandi leggur sérstaklega áherslu á að aðrir viðsemjendur SÍB hafi hver með sínum hætti leitast við að standa straum af og tryggja lífeyrisskuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðinu í grein 12.6.1., þ.m.t. af desemberuppbótinni. Eigi það við um ríkisbankana, einkabankana, sparisjóðina og fleiri, eins og ítarlega er rakið í stefnu.

Þannig hafi allir ofangreindir viðsemjendur SÍB, utan Þjóðhagsstofnunar og Byggðastofnunar, auk þess að taka á sig skuldbindingu-

ar ríkisbankanna, tekið á sig að greiða starfsmönnum sínum sem á eftirlaun séu komnir desemberuppbótina (13. mánuðinn). Þeir hafi allir talið sig skuldbundna til að tryggja sínum starfsmönnum lífeyri að sama marki og ríkisbankarnir hafi gert, sbr. ákvæði 12.6.1. í kjarasamningi aðila.

Stefnandi telur sig eiga vafalausan rétt til greiðslu desemberuppbótar á lífeyri í desember sem sé jafnhá þeirri greiðslu sem hann fái greitt ár hvert í lífeyri fyrir desembermánuð. Vísar hann í því sambandi m.a til ákvæðis 12.6.1. í kjarasamningi bankanna, en hann hafi fengið laun sín greidd samkvæmt þeim kjarasamningi í marga áratugi og stefndi, Þjóðhagsstofnun, hafi verið aðili að honum allt frá því að stofnunin hóf starfsemi á árinu 1974. Í ákvæðinu komi skýrt fram að allir viðsemjendur SÍB taki á sig þá skuldbindingu að þeir tryggi sambærileg réttindi og bætur og ríkisbankarnir tryggi sínum starfsmönnum að því er varðar lífeyrisréttindi. Ljóst sé að ríkisbankarnir hafi, allt frá því að fyrstu starfsmenn þeirra hófu töku lífeyris eftir tilkomu desemberuppbótarinnar, tryggt þeim sem greiðslu í lífeyri sérstaka desemberuppbót, þ.e. greiðslu 13. mánaðar.

Þannig hafi ríkisbankarnir ábyrgst að öllu leyti greiðslugetu eftirlaunasjóða sinna til að standa undir lífeyrisskuldbindingum, þ.á m. greiðslu lífeyris á desemberuppbótinni. Þeir hafi, auk þess að greiða inn í sjóðina 4% frá starfsmönnum greitt sjálfir 8% sem hlutfall af desemberuppbótinni eins og gert sé af öðrum föstum launum starfsmanna auk þess sem bankarnir hafi að öllu leyti ábyrgst verðtryggingu lífeyrisréttindanna. Hafi lífeyrisþegarnir fengið greidda desemberuppbótina sem jafnháa þeirri greiðslu sem þeir hafi fengið greitt í lífeyri fyrir desembermánuð ár hvert.

Stefnandi telur það engu máli skipta að ríkisbankarnir hafi dregið af starfsmönnum sínum árlega 4% af desemberuppbótinni til að leggja í viðkomandi eftirlaunasjóð. Stefnda hafi borið skylda til að draga þá prósentu af sínum starfsmönnum en ekki gert. Hann hafi heldur ekki greitt eða lagt til hliðar þá prósentu sem honum sem atvinnurekanda hafi borið að leggja til hliðar.

Fyrir stefnda hafi það verið lítið mál að ávaxta þá fjármuni sem hann var þannig skyldugur til að halda eftir og nota til greiðslu, þegar starfsmenn hans færu á eftirlaun. Þannig hafi greiðslur þessar verið frágengnar af flestum öðrum viðsemjendum SÍB, en Þjóð-

hagsstofnun, sem átt hafi sömu möguleika og aðrir til varðveislu og ávöxtunar fjármunanna, virðist ekki hafa notfært sér það eða sinnt því.

Stefnandi vísar til framkvæmdar og gerðar einkabankanna að því er varðar iðgjaldatöku og greiðslu lífeyris vegna desemberuppbótarinnar og telur stefnda hafa á sama hátt og þeim borið skylda til að halda utan um verðmætin, þó svo að viðkomandi lífeyrissjóður hafi ekki viljað taka á móti iðgjöldunum.

Í þessu sambandi vísar stefnandi einnig til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980, einkum til 2. gr., 3. gr. og 4. gr.. Í ákvæðum þessum komi fram sú skylda atvinnurekenda að halda eftir af launum starfsmanna iðgjaldahluta þeirra og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum ásamt mótfamlagi sínu.

Þá komi einnig fram að sé tryggingarskyldu ekki fullnægt með greiðslu, þar sem viðkomandi eigi ekki sjálfsgæða aðild að ákveðnum lífeyrissjóði, þá skuli henni fullnægt með iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóðs sem fjármálaráðuneytið tiltekur.

Stefnandi kveðst byggja varakröfu sína á því að annað sé útilokað en að stefnda beri að tryggja honum lífeyrisrétt sem svarar til 60% af þeim lífeyrisrétti sem honum að öðrum kosti hafi borið að fá vegna desemberuppbótar, sbr. aðalkröfuna. Stefndi hafi tekið á sig þá skuldbindingu með kjarasamningi að tryggja starfsmönnum lífeyrisréttindi jafngóð og ríkisbankastarfsmönnum sé tryggt af þeirra viðsejendum.

Stefnda hafi borið að leggja fram eða setja til hliðar 6% af desemberuppbót hvers árs sem stefndi hafi notið þeirrar greiðslu til að tryggja honum lífeyrisgreiðslu af uppbótinni þegar þar að kæmi að stefnandi færi á lífeyri. Honum hafi einnig borið að ábyrgjast að þegar til greiðslu lífeyrisins kæmi yrði greiðslan greidd til stefnanda verðbætt, þ.e. stefndi hafi ábyrgt að stefnandi fengi greitt í lífeyri eftirmannslaun sín verðbætt. Tæki sú trygging einnig til desemberuppbótarinnar.

Sextíu prósent krafan er byggð á því að með 6% iðgjaldaframlagi frá stefnda og 4% frá stefnanda sé hlutur stefnanda 60% af heildariðgjaldagreiðslunni og þar sem sú fjárhæð sé ógreidd beri stefndi ábyrgð á greiðslu þeirrar prósentu við útborgun lífeyrisgreiðslu vegna desemberuppbótar.

Stefnandi vísar m.a. til laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins, svo og til samkomulags sama efnis milli aðila. Þá vísar hann til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Málskostnaðarkrafan er byggð á 130. gr. sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991. Stefnandi hefur ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af aðkeyptri lögmansþjónustu, sbr. l. nr. 50/1988.

Stefnandi kveður málið eiga undir Félagsdóm samkvæmt 8. gr. laga nr. 34/1977.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

*1. Lagareglur um greiðslur til lífeyrissjóðs.*

Á þeim tíma sem hér skiptir máli hafi gilt lög nr. 55/1980 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Að því er aðild að lífeyrissjóði varðar voru lög in leyst af hólmi með lögum nr. 129/1997, sem tóku gildi 1. júlí 1998. Samkvæmt 2. gr. l. nr. 55/1980 var öllum launamönnum skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi sjóðurinn skv. sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hafi verið af fjármálaráðuneytinu. Í 2. ml. 1. mgr. 2. gr. laganna sagði:

Atvinnurekendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótfamlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldsgreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs eða lögum.

Samkvæmt 4. gr. laganna var skylt að greiða til lífeyrissjóðs a.m.k. 10% af viðurkenndum stofni iðgjalda í samræmi við reglur viðkomandi sjóðs. Lagaskylda vinnuveitanda náði því til þess að greiða að lágmarki 10% af iðgjaldastofni til þess sjóðs er launþeginn átti aðild að.

LSR starfar skv. lögum nr. 1/1997, sbr. áður l. nr. 29/1963. Sjóðurinn uppfyllir því skilyrði 2. gr. l. nr. 55/1980. Í lögum um LSR er fjallað um skyldu launagreiðanda til að standa LSR skil á iðgjöldum. Þar sagði í 3. mgr. 10. gr. l. nr. 29/1963, sbr. l. nr. 7/1990:

Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Það sé hlutverk stjórnar LSR að framkvæma lagareglurnar sem um sjóðinn gilda. Sjóðsstjórnin hafi ákveðið að hugtakið föst laun í

lagatextanum nái ekki til launa fyrir „13. mánuðinn“ og því sé sú launagreiðsla ekki iðgjaldsstofn. Þessi afstaða sé á margan hátt hliðstæð þeirri afstöðu stjórnarinnar að viðurkenna ekki yfirborgun í formi fastrar (óunninnar) yfirvinnu sem „föst laun“, þ.e. til iðgjaldsstofns. Það hafi því hvorki verið á valdi Þjóðhagsstofnunar sem launagreiðanda né Haraldar sem launþega að auka réttindi þess síðarnefnda hjá LSR með því að greiða viðbótariðgjald til sjóðsins. Hins vegar ábyrgist Þjóðhagsstofnun svokallaða verðtryggingu lífeyris Haraldar gagnvart LSR, þ.e.a.s. Þjóðhagsstofnun greiðir sérstaklega til LSR þann mismun sem er á verðmætum iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna Haraldar og verðmætis þeirra réttinda sem hann hefur eignast í sjóðnum. Þessi viðbótargreiðsla sé nauðsynleg af því að lífeyrisiðgjöld Haraldar hrökkvi hvergi ein og sér til þess að standa undir þeim réttindum sem hann hafi áunnið sér í sjóðnum.

Samkvæmt framansögðu er á því byggt að stefndi hafi fullnægt þeirri lagaskyldu sem á honum hvílir til greiðslu til lífeyrissjóðs vegna stefnanda.

## 2. Skylda skv. kjarasamningi.

Stefndi mótmælir því að framangreint ákvæði kjarasamningsins í gr. 12.6.1. leiði til þess að taka eigi til greina stefnukröfur. Fyrir því séu þessar ástæður:

### 2.A. Greinin taki ekki til Þjóðhagsstofnunar.

Þjóðhagsstofnun sé ekki banki og falli því ekki beint undir ákvæðið. Í grein 12.2. sé skilgreint að orðið „banki“ í kjarasamningnum hafi sérstaka og víðtæka merkingu í kjarasamningnum. Fram komi að með orðinu sé „...átt við stofnanir þær sem félagar SÍB vinna hjá og eru aðilar að samningi þessum hvort sem þær eru bankar, sparisjóðir eða þjónustustofnanir í eigu einstakra banka eða fleiri banka í sameiningu.“

Samkvæmt lögum nr. 54/1974, sbr. og samninginn frá 2. desember 1974, sé ljóst að Þjóðhagsstofnun falli ekki undir ofangreinda skilgreiningu. Ekkert liggja fyrir um að Þjóðhagsstofnun sé aðili að kjarasamningnum, en þar að auki sé ljóst að hún sé ekki sparisjóður eða þjónustustofnun í eigu einstaks banka eða fleiri banka í sameiningu. Stefndi byggir á því að þegar af þessari ástæðu beri að sýkna af kröfum stefnanda.



*2.B. Réttindi frá LSR séu sambærileg lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisbankanna.*

Fram að gildistöku laga nr. 129/1997 hafi mátt skipta lífeyrissjóðum landsmanna í tvo flokka. Annars vegar almenna lífeyrissjóði sem veiti sjóðsfélögum sínum réttindi í samræmi við verðmæti þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið. Hins vegar lífeyrissjóði þar sem réttindin voru skilgreind í lögum eða reglugerðum án tillits til þess hvort iðgjöld sjóðsfélaganna dygðu til þess að standa undir réttindaávinningnum. Hjá þessum sjóðum standi vinnuveitandi undir réttindunum með viðbótargreiðslum til sjóðsins þegar til útborgunar eftirlauna eða bóta komi. Í síðari flokknum séu stærstir LSR og lífeyrissjóðir ýmissa sveitarfélaga auk eftirlaunasjóða ríkisbankanna. Aðaleinkenni lífeyrisgreiðslna frá þessum sjóðum sé að lífeyrir (eftirlaun) greiðist sem áunnið hlutfall launa í því starfi sem sjóðsfélaginn gegndi síðast. Þá geti sjóðfélagar hafið töku lífeyris 65 ára gamlir og í sumum tilvikum 60 ára gamlir, þ.e. þegar samantlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími til sjóðsins nái 95 árum. Þá veiti sjóðirnir sérstök réttindi til örorku-, barna- og makalífeyris. Réttindi í þessum sjóðum innbyrðis kunni að vera mismunandi í einstökum atriðum en í heild sinni séu réttindin sambærileg og allt önnur og miklu betri en hjá sjóðsfélögum almennu lífeyrissjóðanna. Í grein 12.6.1. sé ekki áskilið að lífeyrisréttindi skuli vera hin sömu heldur sé talað um sambærileg réttindi og bætur. Réttindi í tveimur lífeyrissjóðum kunni að teljast sambærileg þótt annar veiti sjóðsfélögum meiri réttindi en hinn í einstökum tilvikum eða einstökum þáttum. Samanburðurinn þurfi að vera heildstæður. Stefnandi byggir á því að réttindi frá LSR séu sambærileg því sem starfsmenn ríkisbankanna nutu. Það verði a.m.k. ekki fullyrt á grundvelli gagna málsins að svo sé ekki. Því beri að sýkna af stefnukröfum.

*2.C. Lífeyrisréttindi Haraldar séu meiri hjá LSR en væri hefði hann flust til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans.*

Í málinu liggja fyrir að stefnandinn, Haraldur, lét af föstu starfi hjá stefnda árið 1996 og hóf töku lífeyris frá LSR samkvæmt 95 ára reglunni. Hann hafi haldið áfram í 45% starfi hjá stefnda. Eftirlaun hans reiknist sem hlutfall af lokalaunum, sem séu dagvinnulaun með sérstöku 8,35% álagi.

Réttarsamband stefnda og stefnanda hófst um áramót 1974/75 þegar stefnandi hóf störf hjá stefnda. Rétt sé að líta á hver eftir-

launaréttindi Haraldar væru ef Haraldur hefði þá óskað aðildar að Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og Þjóðhagsstofnun hefði þá þegar hafið greiðslur iðgjalda til þess sjóðs en hætt greiðslum til LSR.

Í bréfi LSR dags. 20. nóvember 1998 komi fram að áunninn lífeyrisréttur stefnanda hjá LSR væri þá 27,17% í stað 64,17% nú. Heimild til töku eftirlauna hæfist 1. júní árið 2000 í stað 1. janúar 1996. Viðmiðunarlaun væru laun í því starfi sem Haraldur gegndi hjá Framkvæmdastofnun ríkisins við starfslok í desember 1974 framreiknuð með þeim hætti sem lýst sé í greindu bréfi. Í því síðasta felist að hvorki nyti Haraldur ofangreinds 8,35% álags á viðmiðunarlaunin né þeirra stöðuhækkana eða starfsaldurshækkana, sem hann kunní að hafa notið frá árinu 1975 í starfi sínu hjá stefnda. Þá hefði hann ekki notið réttindaávinnings án iðgjaldagreiðslu sem hann naut í desember 1995. Á móti kæmi að Haraldur fengi eftirlaun frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans í samræmi við réttindaávinning þar á starfstíma hjá PHS og hefði jafnframt þurft að greiða hærra lífeyrisiðgjald sökum þess mismunar sem sé á iðgjaldsstofni hjá Eftirlaunasjóðnum og LSR.

Útreikningar á framangreindum samanburði liggja ekki fyrir. Þrátt fyrir það leyfir stefndi sér að fullyrða að samfelld aðild að LSR hafi fært stefnanda meiri eftirlaunarétt en hann hefði notið hefði hann skipt um sjóð árið 1975. Svona samanburður geti þó ekki átt sér stað að fullu fyrr en að Haraldí látnum, þar sem vægi þeirra eftirlauna sem Haraldur njóti aukalega á grundvelli 95 ára reglunnar í samanburðinum (4 og ½ ár) minnki eftir því sem ævi Haraldar verði lengri.

Stefndi heldur því fram að með iðgjaldagreiðslum til LSR hafi hann tryggt stefnanda betri eftirlaunarétt en verið hefði með greiðslu til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans. Því beri að sýkna af stefnukröfunni.

*2.D. Frumkvæði að breyttri lífeyrissjóðsaðild hefði þurft að koma frá stefnanda. Aðild að LSR sé ákveðin í samningi um rekstur Þjóðhagsstofnunar.*

Að framan sé rakið að stefndi hafi ótvírætt uppfyllt lagaskyldur um greiðslu til lífeyrissjóðs með greiðslum til LSR vegna Haraldar. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/1980, sem gilt hafi lengst af starfstíma Haraldar hjá PHS, var Haraldí „...rétt og skylt að eiga aðild að líf-

*eyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps...*“. Í tilviki Haraldar var ekki um það að ræða að hann ætti rétt til aðildar að ákveðnum lífeyrissjóði bankamanna. Reyndar hafi engum slíkum sjóði verið til að dreifa, eða með öðrum orðum sagt þá hafi bankamenn átt aðildarrétt og aðildarskyldu að eftirlaunasjóðum sem bankarnir hafi hver fyrir sig komið á fót. PHS hafi ekki verið aðili að neinum slíkum sjóði. Við þessar aðstæður telur stefndi að honum hafi bæði verið rétt og skylt að greiða iðgjöld til LSR sem eins og áður segir sé sambærilegur sjóður að uppbyggingu og þeir sjóðir sem bankarnir hafi komið á fót.

Stefndi byggir á því að frumkvæði að breyttri lífeyrissjóðsaðild hefði þurft að koma frá Haraldí eða stéttarfélagi hans. Svo var ekki og telur stefndi að með því hafi verið fallist á að greiðslur til LSR væru fullnægjandi efndir á skuldbindingu stefnda um að veita stefnanda réttindi til lífeyris. Vekur stefndi sérstaka athygli á því að starfsmannafélagi PHS hafi verið boðið árið 1987 að kannað yrði hvort félagsmenn ættu kost á aðild að Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans. Þegar á reyndi hafi ekki verið áhugi á því meðal starfsmanna.

Þá er vakin athygli á því að samkvæmt 5. gr. í samningi ríkisstjórnar Íslands og Seðlabankans um Þjóðhagsstofnun, beri starfsmönnum PHS að vera aðilar að LSR.

### *3. Dómkrafan lúti að réttindum sem áunnist hafi frá árinu 1961.*

Aðalkrafa stefnanda sé um það að viðurkennt verði að vegna ákvæðis 12.6.1. beri stefnda að greiða desemberuppbót sem lífeyrisgreiðslu frá desember 1996. Á því sé vakin athygli að lífeyrisréttindi Haraldar hafi áunnist frá árinu 1961. PHS beri ekki ábyrgð á skuldbindingum umfram iðgjöld nema fyrir hluta tímabilsins, þ.e. frá 1. janúar 1975 til starfsloka. Eigi stefnandi þau réttindi sem hann krefst hljóti greiðendur að vera allir þeir aðilar sem ábyrgjast viðbótarlífeyri hans frá LSR, sbr. það sem fram komi í bréfi LSR frá 20. nóvember 1998. Sömu sjónarmið eigi við um varakröfu stefnanda að þessu leyti.

### *Niðurstæða.*

Í máli þessu er deilt um skilning á niðurlagsákvæði gr. 12.6.1. í kjarasamningi frá 3. apríl 1997 milli samninganeftdar bankanna fyrir hönd banka og sparissjóða annars vegar og Sambands íslenskra bankamanna hins vegar. Ákvæði þetta hljóðar svo:

„Aðrir bankar með 8 starfsmenn eða fleiri tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta.“

Af hálfu stefnanda er þess krafist að viðurkennt verði með dómi aðallega að stefnda sé skylt að greiða honum desemberuppbót ( 13. mánuð) sem lífeyrisgreiðslu frá desember 1996, en til vara 60% af desemberuppbót frá sama tíma. Fram kemur í málgögnum að lífeyrisréttur stefnanda er 64,17% í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Eins og hreyft hefur verið af hálfu stefnda við munnlegan flutning málsins verður að skilja kröfugerð stefnanda svo að hún taki til greiðslu þessa hundraðshluta af umræddri desemberuppbót allri eða hluta hennar.

Stefnandi byggir kröfur sínar einkum á því að með framangreindu kjarasamningsákvæði hafi stefndi undirgengist þá skyldu að tryggja starfsmönnum sínum sambærileg lífeyrisréttindi og fyrrum ríkisviðskiptabankar og Seðlabanki Íslands tryggðu starfsmönnum sínum. Vísar stefnandi máli sínu til stuðnings sérstaklega til framkvæmdar einkabanka og sparisjóða á umræddum samningsskyldum sem hann reifar í málinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að hann hafi fullnægt lagaskyldu sinni til greiðslu í lífeyrissjóð vegna stefnanda, sbr. lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nú lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, svo og lög nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nú lög nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í öðru lagi mótmælir stefndi því að fyrrgreint ákvæði kjarasamningsins leiði til þess að taka beri dómkröfur stefnanda til greina, m.a. af þeim sökum að ákvæðið taki ekki til stefnda, réttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins séu sambærileg lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisbankanna og lífeyrisréttindi stefnanda hjá þeim sjóði séu meiri en hefði hann flust til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans.

Ekki verður séð að í málinu sé út af fyrir sig ágreiningur um það að skyldum samkvæmt lögum nr. 55/1980, sbr. nú lög nr. 129/1997, og lögum nr. 29/1963, sbr. nú lög nr. 1/1997, hafi verið fullnægt með greiðslum stefnda til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna stefnanda. Eru því ekki efni til umfjöllunar um þetta atriði.

Umræddur kjarasamningur er gerður milli samninganefndar

bankanna fyrir hönd banka og sparisjóða annars vegar og Sambands íslenskra bankamanna hins vegar, sbr. lög nr. 34/1977 um kjarasamninga banka í eigu ríkisins, og samkomulag frá 12. maí 1977 um kjarasamninga félagsmanna Sambands íslenskra bankamanna milli SÍB annars vegar og bankaráða ríkisbankanna og annarra banka og sparisjóða og fyrirtækja þeirra hins vegar. Upplýst er að stefndi hefur ekki með formlegum hætti gerst aðili að kjarasamningnum. Starfsmenn stefnda eru félagsmenn Sambands íslenskra bankamanna og er óumdeilt að um kjör starfsmannanna fer eftir ákvæðum kjarasamningsins. Stefndi starfar eftir lögum nr. 54/1974 um Þjóðhagsstofnun. Í 5. gr. laganna er tekið fram að ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiði í sameiningu kostnað af starfsemi stefnda og skuli þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar. Í 5. gr. gildandi samnings um þetta efni frá 2. desember 1974, sem liggur fyrir í málinu, segir m.a. að laun og kjör starfsfólks stefnda skuli vera samkvæmt reglugerð um störf og launakjör í bankakerfinu. Í bréfi samninganefndar bankanna, dags. 12. maí 1998, til Sambands íslenskra bankamanna, sem liggur fyrir í málinu, kemur fram að stefndi er meðal þeirra fyrirtækja og stofnana sem notað hafa kjarasamning bankamanna frá upphafi. Ágreiningslaust er að frá stofnun stefnda hafa kjör starfsmanna stefnda miðast við launakerfi og kjarasamninga bankamanna, sbr. nú umræddan kjarasamning frá 3. apríl 1997.

Að því virtu, sem hér hefur verið rakið, verður að telja að stefndi sé bundinn af kjarasamningi þeim sem í málinu greinir.

Fyrirgreint kjarasamningsákvæði í gr. 12.6.1. fjallar ekki sérstaklega um greiðsluskyldu af desemberuppbót í lífeyrissjóð heldur tryggir starfsmönnum bankastofnana „sambærileg réttindi og bætur“ í lífeyrismálum og starfsmenn ríkisbanka njóta á hverjum tíma.

Ekki liggur fyrir neinn haldbær samanburður á annars vegar réttindum stefnanda, sem hann á hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og hins vegar sambærilegum réttindum samkvæmt reglum um lífeyrisséttindi starfsmanna ríkisbanka, fyrir greiðslutímabil það sem um er fjallað. Á það er fallist með stefnda að skoða verði þann samanburð heildstætt. Málið er því vanreifað af hálfu stefnanda. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að leggja efnisdóm á málið og verður því að vísa því frá dómi án kröfu.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað er ákveðst 100.000 kr.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Samband íslenskra bankamanna f.h. Haraldar Ellingsen, greiði stefnda, samninganefnd bankanna f.h. Þjóðhagsstofnunar, 100.000 kr. í málskostnað.

---